

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júní 2026

Skráð atvinnuleysi í júní var 4,0%

Skráð atvinnuleysi í júní var 4,0% en var 4,2% í maí. Í júní 2025 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 8.513 atvinnulaus í júní, 5.048 karl og 3.465 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 318 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 5,8% og minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,4%.

Alls komu inn 219 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í júní.


Atvinnulausir voru 8,973 í lok júní, 5.247 karlar og 3.726 konur.

Í júní 2026 gaf Vinnumálastofnun út 156 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 135 á höfuðborgarsvæðinu. Útlendingastofnun hefur nú tekið við málaflokknum.

Í júní voru 364 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi standi í stað á milli mánaða og verði á bilinu 3,9-4,0% í júlí.

Þróun atvinnuleysis frá júní 2024 til júní 2026



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi lækkaði milli mánaða og var 4,0% á landinu sem heild. Atvinnuleysi lækkaði á öllum stöðum á landinu og lækkaði í heildina um 0,2%. Atvinnuleysi lækkaði minnst á Vesturlandi og Norðurlandi vestra eða um 0,1%.

Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum fjórða mánuðinn í röð og fór úr 6,5% í 5,8%.

Atvinnuleysi var 4,5% á höfuðborgarsvæðinu í júní mánuði og 3,3% að meðaltali á landsbyggðinni. Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,4%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í maí og júní.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í júní og á flestum svæðum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi var 2,8% meðal karla en 1,7% hjá konum. Á Suðurlandi var atvinnuleysi hjá konum hins vegar 3,5% en 3,3% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla 4,8% en 4,0% hjá konum og á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 3,4% en 3,1% hjá konum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júní.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.973 í lok júní, 5.247 karlar og 3.726 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 91 frá lokum maí og atvinnulausum konum fækkaði um 12.

Alls voru 2.274 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok júní og fækkaði um 62 frá lokum maí.


Alls höfðu 1.747 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní. Í júní 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.536 og nemur fjölgunin 230 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 2.158 í júní síðastliðnum en voru 1.920 í júní 2025.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði áfram heilt yfir í júní þó að fjölgað hafi í nokkrum greinum. Mest var fækkunin í ferðapjónustu þar sem fækkaði um 77 og í gistipjónustu þar sem fækkaði um 45. Mest fjölgun var í opinberri þjónustu og skyldum greinum þar sem fjölgaði um 59.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.886 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 160 frá því í lok maí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 54% í lok júní.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi var 8,1% í júní samanborið við 2,5% hjá Íslendingum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok júní 2026




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.886 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Atvinnuleyfi

Í júní 2026 gaf Vinnumálastofnun út 156 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 135 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 66 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 90 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2026



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipækkingar eða 49 manns og 47 vegna fjölskyldusameininga. Þá fengu 45 einstaklingar leyfi vegna skorts á vinnuafli.


Pegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna sérfræðinga og sérmenntaðra eða 40%, 24% leyfa voru gefin út vegna þjónustustarfa og 22% vegna verkafólks. Um 14% voru í öðrum starfsgreinum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fá þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsjú með. Í júní voru gefin út 194 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 117 einstaklingar, 12 fóru til Litáen og 11 til Grikklands. 8 fóru til Lettlands og 8 til Spánar. Þá voru gefin út 38 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.


Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2026



Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 219 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 155 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 55% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurnesjum og 12% á Norðurlandi eystra. Þá voru tæplega 19% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júní 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í júní voru 364 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 212 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.